



**Til formanna og framkvæmdastjóra  
sér sambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga ÍSí**

**Reykjavík, 10. nóvember 2023**

**Efni: Formannafundur ÍSí 2023 – seinna fundarboð**

**Ágætu félagar,**

Með vísan í bréf dags. 24. október sl. og í samræmi við 15. grein laga ÍSí er hér með boðað til Formannafundar ÍSí **föstudaginn 24. nóvember nk. kl. 15:30** (síðara fundarboð).

Fundurinn verður haldinn í íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal í Reykjavík.

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins. ÍSí býður svo til kvöldverðar í íþróttamiðstöð Fram eftir fundinn.

Á undan fundinum verður boðið upp á þrjú erindi á fundarstað frá kl. 13:30 til kl. 15:00. Umfjöllunarefnin eru eftirfarandi:

- **Sjálfbær íþróttamannvirki – Hvað þýðir það?**
  - Þórey Edda Elísdóttir, umhverfisverkfræðingur og 1. varaforseti ÍSí
- **Sálfærniþjálfun í íþróttum með aðferðarfræði 5C**
  - Þórarinn Alvar Þórarinsson, sérfræðingur á Fræðslu- og Almenningsíþróttasviði ÍSí
  - Daði Rafnsson, fagstjóri afrekssviðs Menntaskólans í Kópavogi og doktorsnemi í sálfræði við HR
- **Íþróttir og farsæld barna**

Sambandsaðilum er heimilt að senda fleiri á ofangreindar kynningar heldur en mæta til Formannafundarins.

Það er von okkar að sem flestir formenn og framkvæmdastjórar sjái sér fært að sitja fundinn og þiggja kvöldverð.


Einnig er æskilegt að sem flestir sambandsaðilar geti sent fulltrúa sinn á kynningarnar sem á undan verða.

Vinsamlegast skráið mætingu á fundinn og í matinn á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.isi.is/um-isi/formannafundur/skraning-a-formannafund/>

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

  
Lárus L. Blöndal  
forseti

  
Andri Stefánsson  
framkvæmdastjóri

